

## AUGLÝSING

### um breytingar á aðalskipulagi Hörgárbyggðar og aðalskipulagi Akureyrar, sveitarfélagamörk við Lónsá.

Skipulagsstofnun staðfesti þann 10. september 2015 breytingar á aðalskipulagi Hörgárbyggðar 2006-2026 og aðalskipulagi Akureyrar 2005-2018, sem samþykktar voru í sveitarstjórn Hörgár-sveitar og bæjarráði Akureyrar 20. ágúst 2015.

Breytingarnar fela í sér að mörkum Hörgársveitar og Akureyrarkaupstaðar er breytt á 160 m kafla við Lón í Hörgársveit. Land Akureyrarkaupstaðar, óbyggt svæði, skerðist um 0,4 hektara og land Hörgársveitar, óbyggt svæði, stækkar sem því nemur.

Málsmeðferð var samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingarnar öðlast þegar gildi.

*Skipulagsstofnun, 10. september 2015.*

F.h. forstjóra,

**Hafdís Hafliðadóttir.**

*Ottó Björgvin Óskarsson.*

—————  
B-deild – Útgáfud.: 24. september 2015